

Tillögur Eypings að áhersluverkefnum 2016

Verkefni 3	Svæðisskipulag fyrir ferðapjónustu á Norðurlandi eystra
Markmið	Að stuðla að heildstæðri stefnu um ferðapjónustu á Norðurlandi eystra til grundvallar markaðssetningu og uppbyggingu ferðamannastaða.
Stutt verkefnislýsing (hvaða vandamál á að leysa?)	<p>Slík stefnumörkun felur í sér uppbyggingu á marki (e. „brand“) svæðis, sem er grunnur markaðssóknar til framtíðar. Slík stefna, sett m.t.t. umhverfis og samfélags, er m.a. grunnur að sameiginlegri markaðssetningu og því að ferðapjónusta verði heilsársatvinnugrein á svæðinu, m.a. með fjölgun ferðamanna og jafnari dreifingu þeirra milli landshluta og innan landshlutans, auk þess að styðja við markmið um millilandflug um Akureyrarflugvöll (meginmarkmið 6, 7 og 8 í Sóknaráætlun).</p> <p>Ráða þarf fagaðila (skipulagsráðgjafa) að verkefninu, koma á samstarfi sveitarfélaga á starfssvæði Eypings og sameiginlegri svæðisskipulagsnefnd skipaðri fulltrúum sveitarfélaganna, auk þess að leggja drög að vinnunni í upphafi með gerð verkefnislýsingar. Mörkuð verði stefna og heildstæð sýn um ferðapjónustu í samstarfi við hagsmunaaðila. Tekið verður mið af öðrum áætlunum á lands- og héraðsvísu, ekki síst Vegvísi í ferðapjónustu (atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið og SAF, okt. 2015). Eitt af forgangsmálum skv. verkefnaáætlun Vegvísisins 2016 – 2017 er að gera vandaðar stefnumótandi stjórnunaráætlanir fyrir ferðapjónustu í hverjum landshluta (Destination Management Plan, DMP). Í verkefninu verður því haft náið samstarf við Ferðamálastofu og Stjórnstöð ferðamála og leitað leiða til að samræma svæðisskipulagsvinnu við gerð stefnumótandi stjórnunaráætlunar fyrir Norðurland eystra.</p> <p>Horft verður sérstaklega til tenginga við aðliggjandi landshluta.</p> <p>Niðurstaða stjórnar Eypings var að skipta verkefninu í tvo áfanga með eftirfarandi hætti:</p> <ol style="list-style-type: none"> 1. Fyrri áfanginn felst í að skilgreina og afmarka viðfangsefnið í verkefnislýsingu eða verkefnistillögu. 2. Seinni áfanginn felst í hinni eiginlegu skipulagsgerð á grundvelli verkefnislýsingar og stefnumótandi stjórnunaráætlunar (DMP). <p>Leitað verður eftir verðtilboði í hvorn áfanga um sig en það felur í sér að ekki er gefið að samið verði við sama aðila um báða áfanga. Stjórnin áskilur sér því rétt til að semja við hvaða aðila sem er.</p>
Framkvæmdaaðili	Eyping í samstarfi við sveitarfélögin (svæðisskipulagsnefnd) og skipulagsráðgjafa.
Samstarfsaðilar	Aðrar stofnanir og fulltrúar sveitarfélaganna, Markaðsstofa Norðurlands, Ferðamálastofa og Stjórnstöð ferðamála.

Tengsl við sóknaráætlun 2015-2019	Eitt af meginmarkmiðum Sóknaráætlunar Norðurlands eystra er að móta heildstæða stefnu um ferðaþjónustu m.t.t. hagsmuna umhverfis og samfélags (meginmarkmið 8). Auk þess styður verkefnið m.a. við meginmarkmið 6 og 7 í Sóknaráætlun, sjá umfjöllun ofar.
Árangursmælikvarðar (afurðir og áhrif á samfélagið)	<ul style="list-style-type: none"> • Samþykkt verkefnislýsing (áfangi 1). • Sérstaða landshlutans og svæða hans skilgreind, einnig auðlindir ferðaþjónustu á svæðinu. • Sameiginleg sýn og stefna um nýtingu og uppbyggingu. • „Söguslóðir“ eða leiðir um svæðið skilgreindar. Nýttar til frekari þróunar á nýjum „vörum“ í ferðaþjónustu og markaðssetningar. • Skilgreining á samspili hagsmunaaðila, samstarfi þeirra og hlutverkum hvers og eins. • Að lokum liggur fyrir afurð sem er grunnur til að byggja markaðssetningu landshlutans á og til að byggja á við uppbyggingu ferðamannastaða.
Lokaafurð	Samþykkt svæðisskipulag fyrir ferðaþjónustu á Norðurlandi eystra.
Tímarammi	Miðað er við að verkefnið spanni allt að þrjú ár.
Áætlaður kostnaður	Heildarkostnaður er óljós á þessu stigi og er háður annars vegar tilboði frá ráðgjafarfyrirtæki og hins vegar mótframlagi úr Skipulagssjóði.
Framlag úr sóknaráætlun 2016	9.000.000 kr. Áætlað er að mótframlag fáist úr Skipulagssjóði síðar, allt að 50% af heildarkostnaði vegna ráðgjafar og tilteknum öðrum kostnaði við svæðisskipulagsgerðina.